




Tillaga um að bílaplön við Spöng og við Vesturhóla verði merkt sem fólksbifreiðastæði.

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að eftirtalin bílastæðaplön verði merkt sem fólksbifreiðastæði:

- Spöng, sunnan götu.
- Vesturhólar, móts við Kríuhóla.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.



Mynd 1 – Staðsetning bílastæða í Spöng og Vesturhólum
(<http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/#>).

Greinargerð:

Vesturhólar: Bílaplanið við Vesturhóla, móts við Kríuhóla, var upprunalega útbúið undir stærri atvinnubifreiðar. Stæðinu var lokað fyrir nokkrum árum sökum hávaða- og loftmengunar sem íbúar höfðu reglulega kvartað yfir. Samkvæmt tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts er gert ráð fyrir uppbyggingu á reitnum en hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla á jaðrinum. Tillagan fellst í að þar til verður að uppbyggingu verði nota núverandi svæði bílastæði fyrir fólksbíla (bæði hefðbundna og til hleðslu).



Mynd 2 Bílastæði við Vesturhóla sem lagt er til að verði merkt eingöngu fyrir fólksbifreiðar er merkt með gulu.



Spöngin: Síðusta árið hefur færst í aukana að stærri ökutækjum sé lagt á bílplani í borgarlandi, sunnan götunnar Spangar og austan strætóstöðvarinnar í Spöng. Yfir planið liggur gönguleið frá Borgavegi að verslunarkjarna og miðar hönnun og frágangur svæðisins við stærð fólksbifreiða.



Mynd 3 Bílastæði við Spöng sem lagt er til að verði merkt eingöngu fyrir fólksbifreiðar er merkt með gulu.

Í samræmi við 1. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Ráðgjafaverkfræðingur